



Kennari	Helga Björg Jónasardóttir	HBJ	hbj@vma.is - 8986202
---------	---------------------------	-----	----------------------

Viðtalstími kennara: Samkvæmt samkomulagi

Áfangalýsing:

Í áfanganum er unnið með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, ljós, skuggi og myndbygging auk annarra hugtaka sem tengjast skúlptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að kynna nemandanum fjölbreytta þrívíða vinnu og að hann skoði hvernig koma má tvívíðum skissum í þrívítt form. Unnið verður með ýmis efni s.s., pappír, leir, gifs, vír, garn, ullarflóka, léreft o.fl. Nemandinn heldur utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setur fram með skipulögðum hætti. Auk þessa vinna nemendur rannsóknarverkefni í hópum sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

hugtökum s.s. þrívídd, skúlptúr, lágmynd, myndbygging og rými
eigin vinnuferli frá hugmynd að fullunnu verki
grunnaðferðum afsteyputækni
þrívíðri myndlist í nærumhverfinu og þekki höfunda hennar
ýmsum stefnum og stílbrigðum í þrívíðri myndlist
helstu efnum og aðferðum í gerð þrívíðra myndverka



Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

móta verk í þrívídd með mismunandi aðferðum
vinna þrívítt út frá tvívíðum skissum
beita mismunandi aðferðum og tækni í tilraunum og skissugerð
meðhöndla efni og verkfæri til þrívíðrar myndsköpunar
þróa þrívíð verk út frá eigin hugmyndum og tilraunum
beita aðferðum sem nýtast í hugmyndavinnu, framsetningu verkefna og skipulagningu
á verkferli og útfærslu verka sinna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

ræða um og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum
velja efni við hæfi til úrvinnslu þrívíðra verka
sýna áráðni og frumkvæði við útfærslu í þrívíðri vinnu
nýta sér sköpun, ímyndunarafl, innsæi og tilfinningar við þróun hugmynda,
skissuvinnu og úrvinnslu
fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og
gera grein fyrir forsendum
greina áherslur og stílbrigði merkingar í rýmis- og efnisnotkun þekktra listamanna

Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa ferilbók (A4) og/eða möppu til að halda utan um skissur, ljósmyndir, minnispunkta, tilraunir og hugmyndavinnu. Myndavél er mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna og nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum í vel uppsettri ferilmöppu í lok annar. Ef nemendur vilja nota eitthvað sértækt efni við útfærslu verka sinna þá þurfa þeir að skaffa það sjálfir. Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur/-blöð og ljósmyndir og rafrænt efni.



Áætlun um yfirferð:

Timabil (vikunúmer/lotu númer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1 vika 33-34	Þrívídd Grunnform	Verklegt	5%
Lota 2 vika 35-38	Mótun/ Mótagerð	Verklegt	15%
Lota 3 vika 38-42	Veggverk	Verklegt	10%
Lota 3 vika 38-42	Rannsókn	Glærukynning/Hópverkefni	10%
Lota 4 vika 42-44	Rými og innsetninga Rafrænt rými og mótun	Verklegt	10%
Lota 5 vika 44-48	Lokaverk	Verklegt	20%
Lota 5 vika 44-48	Áfangi í heild	Ástundun, vinnusemi, stundvísir, umgengni sjálfsmat/kennaramat	15%
Lota 5 vika 44-48	Ferilbók Rafræn eða í bók	Lagt fyrir í upphafi annar metið í lok annar	15%

Rannsóknarverkefni - nemendur afla sér þekkingar um ákveðinn listamann og kynna hann fyrir samnemendum.

Síðasta vika áfanga fer í frágang á möppum og undirbúning sýningar.

Mikilvægt er að nemendur taki ljósmyndir af verkum sínum og vinnuferli.

MYNL2SK05 - Þrívídd Námsáætlun haust 2021



Veltmennaskólinn á Akureyri

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lota 1	Mótun og grunnform		5%
Lota 2	Mótun og mótagerð		15%
Lota 3	Veggverk		10%
Lota 4	Rými og innsetningar/Rafrænt rými og mótun		15%
Lota 5	Lokaverk		20%
Rannsókn	Rannsókn og kynningar á listamönnum		10%
Ferilbók	Skissur, skráning á ferli/ljósmyndir/texti og smærri verkefni		10%
Framlag	Ástundun, vinnusemi, stundvísí, umgengni		15%
		Samtals:	100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um hálfan (0.5) næstu fimm virku daga (samtals 2.5). Eftir það eru skil ekki heimil

Simar eru velkomnir til náms en annars ekki.

Opið hús á listnámsbraut 2. desember.

Með fyrirvara um breytingar
Gangi þér vel
Helga

Dagsetning: 17.08.21

Helga Þrjú Jónasardóttir
Undirritun kennara

Vésteinn Guðmundsson
Undirritun brautastj., fagstj eða staðgengils

